

34  
6. apríl.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir sváðúr- og vesturumdæminu um endurgjald fyrir sveitarstyrk.* — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmáður, um kærskjal hreppsnefndarinnar í Ölveshreppi út af úrskurði yðar frá 6. septbr. f. á. viðvíkjandi skyldu Grafningshrepps og Þingvallasveitar til að endurgjalda fyrstnefndum hreppi styrk þann, er þar hafði verið lagður bóndanum Guðmundi Guðmundssyni á Saurhæ úr fátækra sjóði, hefi jeg skorið úr ágreiningi þeim, sem risið hefir á milli nefndra hreppa, og skal yður því þjónustusamlega tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðöndum það, er hjer ségir:

Purfalingur sá, sem hjer á í hlut, fluttist inn í Ölveshrepp vorid 1861. Veturinn 1870—71 fór hann þess á leit við hreppstjórnina þar, að fá lán úr sveitarsjóði, og eptir að heimilisástandur hans höfðu verið rannsakaðar, var hann látinn fá í sveitarstyrk:

- 1, 6 rd. til að borga með áfallið slægnakaup,
- 2, 4 kapla af heyi handa kúm sínum,
- 3, matbjörg, að upphæð 60 fiska, og í peningum 1 rd.

Hreppstjórnin í Ölveshreppi krafðist síðan í brjefi til Grafningshrepps frá 22. maí 1871 endurgjalds á þessu láni, með samtals 13 rd. 64 sk. og 60 fiskum; en Grafningshreppur neitaði að greiða þetta endurgjald, og bar fyrir sig, sumpart að láninu hefði verið troðið upp á Guðmund til að varna því, að hann áynni sjer framfærslusveit í Ölveshreppi með 10 ára dvöl þar, og að hann einskis sveitarstyrks hefði þurft, sumpart að lánid hefði verið þess eðlis, að eigi hefði verið heimild til að veita það af sveitarfje, og hafid þjer, herra amtmáður, með nefndum úrskurði yðar fallizt á þessa sköðun, eptir að Þingvallahreppur og Grafningshreppur í sameiningu höfðu áfrýjað til yðar úrskurði sýslumannsins í Árnessýslu á málinu, en hann skyldar Grafningshrepp til að endurgjalda Ölveshreppi alla hina tilgreindu upphæð.

Hvað nú fyrst snertir þá spurningu, hvort þurfamaður sá, sem hjer á í hlut, hafi beðið styrksins sjálfur eða honum hafi verið troðið upp á hann, þá hefir í rjettarprófi, sem haldið hefir verið um þetta atríði, eigi komið neitt fram því til sönnunar, sem Grafningshreppur hefir borið fram um það; en það virðist hinsvegar nægilega sannað, að purfalingurinn hafi sjálfur beðið styrksins, og getur það atríði útaf fyrir sig, að styrkurinn hefir verið veittur hinn síðasta vetur af 10 ára dvöl þurfamannsins í hreppnum, eigi verið nægileg ástæða til að halda, að fátækra sjórn Ölveshrepps hafi beitt brögðum þeim, sem dróttad hefir verið að henni, og virðist heldur eigi ástæða til að bera hreppi þessum á brýn, að hann hafi veitt styrkinn að óþerfu, þar sem ekkert hefir komið fram á móti því, að Ölveshreppstjórn hafi fundið heimili þurfamannsins bjargþrota við aðsjón þá, sem gerð var hjá honum, og getur hjer ekki komið til greina, að bóndi í Grafningshreppi útvegadi þurfamanninum kornbjörg um sama leyti og aðsjón Ölveshrepps á heimilisástandi hans fór fram, því það sjezt ekki, að Ölveshreppur hafi vitað af þessari hjálp, en þurfalingurinn sjálfur hefir borið, að hann hafi ekki vitað betur, en að styrkur þessi hafi verið lagður sjer af sveitarstjórn Grafningshrepps.

Það kemur þá til álita, hvort styrkur sá, sem hjer ræðir um, hafi verið reglulegur sveitarstyrkur, eða þá lán, er eigi getur fengizt endurgoldið úr fátækra sjóði, og verð jeg að vera herra amtmanninum samdóma um, að engin heimild hafi verið fyrir hreppstjórn Ölveshrepps til að greiða úr fátækra sjóði þá 6 rd., sem getur um við 1. tölul. að framan. Upphæð þessi var áfallin skuld; en það liggur í augum uppi, að framfærslustyrkur má ekki koma fram í öðru en að útvega matbjörg þá, sem þurfamanninn vantar, og að borgun eldri skulda þurfamannsins er fátækra stjórninni alveg óviðkomandi; þar á móti verður

ekkert sjóð því til fyrirstöðu, að hjálpa þurfamaðni um hey á kostnað sveitarsjóðs, ef slíkur styrkur er nauðsynlegur til að varna því, að hann felli skepnur þær, sem hann má ekki án vera sjer og ómögum sínum til framsferis, sjeri lagi kyr, og eins verður varla hátt neitt á móti því, að matbjörg sú, sem getur um við 3. tölu, hefir verið lögð þurfamanninum af sveitarfe.

Með því að eigi hefir verið breift neinum mótmælum gegn upphæð endurgjalds þess, sem Ölveshreppur hefir krafizt fyrir matbjörg þessa og heyhjálp, og þar sem Guðmundur Guðmundsson, áður en hann fluttist í Ölveshrepp, var búinn að ávinna sjer sveitfesti í hinum sameinada þingvalla- og Grafningshreppi með 14 ára dvöl í Grafningi, geta nefndir hreppar í sameiningu samkvæmt dómsmálastjórnarbræfi frá 2. nóvbr. 1861 eigi komizt hjá því, að endurgjalda Ölveshreppi 7 rd. 64 sk. eða 15 kr. 33 aura og 60 fiska af upphæð þeirri, sem ágreiningurinn hefir risið út af, og skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra amtaður, hlutizt til um, að svo verði gjört.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um verðlaun fyrir björgun úr lífsháska.* — Með þessu bræfi var amtmanninum tilkynnt, að ráðgjafinn, samkvæmt tillögum landshöfðingja, hefði veitt Sigurði vinnumanni Erlendssyni á Útskálum 40 króna verðlaun, fyrir að hafa tvisvar lagt líf sitt í sölnurnar til að bjarga alls 5 mönnum, sem borizt hafði á á sjó, og fyrir að hafa gjört tilraun til að bjarga mönnum af sexæringi, er fórst.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um toll af strönduðu víni.* — Í bræfi frá í dag hafði þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að frakkneskt fiskiskip hafi fyrir skemmstu strandað á Suðurnesjum, og með því að nokkuð af því, sem bjargað hafi verið frá því, muni vera rauðavin og brennivín eða konjak, sem muni ganga illa út, og, ef toll skuli heimta af því, alls ekki, leitað úrlausnar minnar um það, hvort heimta skuli toll af rauðavini því, sem bjargað er af skipinu, og ef svo er, af hverjum skuli heimta hann. Fyrir þessa sök skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni, að það leiðir beinlínis af 1. grein tilskip. frá 26. febr. 1872, að þjer verðið að sjá um, að gjald samkvæmt þessari tilskipun verði greitt af öllu víni, er í land verður flutt af hinu strandaða skipi, sem fyrst eptir að það er komið í land, og að toll þenna, eins og önnur útgjöld, er leiða af björguninni, þer að greiða af aðalandvirði hinna strönduðu fjármuna.

— *Brjef landshöfðingja til stiðtsyfirvaldanna um styrk við háskólann í Khöfn handa læknaefnum.* — Kirkju og kennslustjórn ríkisins hefir 19. janúar þ. á. skýrt ráðgjafanum fyrir Ísland frá, að hún sama dag í bræfi til háskólaráðsins (consistorium) hafi fallizt á:

1. að styrkur sá, er veita má af stúdentasjóðnum (communitet) læknaefnum, er menntazt hafa á Íslandi, verði eptirleiðis greiddur þeim beinlínis úr þessum sjóði, í mánaðar-skömmtum, frá þeim degi, er þau sanna, að þau hafi byrjað á námi því, sem styrkurinn er ætlaður til.